



GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Rangárbíngi eystra.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Rangárbíngi eystra, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 21. gr. samþykktar um fráveitur í Rangárbíngi eystra.

Árlegt rotþróargjald á íbúðar- og frístundahús, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 14.500,-

Árlegt rotþróargjald við atvinnurekstur eða fyrirtæki, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-4000 lítra	kr. 14.500,-
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 16.800,-
Rotþró 6001 lítra eða stærri	kr. 7.500 pr.m ³ .

Fyrir aukalosun rotþróa, allt að 6000 lítra að stærð, skal greiða kr. 68.000,-. Fyrir aukalosun rotþróa, 6001 lítra eða stærri, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunaraðila.

6. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 10. desember 2020

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri